# *Nr. 18-060 S 038 Þröstur BA 48*

## *Sigldi á rekald*

*Skipaskr.nr.* 2507
*Smíðaður:* Seigla, 2001, tefjaplast.
*Útgerð:* Útgerðarfélagið Burst ehf.
*Stærð:* 7,57 brl. 9,25 bt.
*Mesta lengd:* 10,0 m *Skráð lengd:* 9,99 m
*Breidd:* 2,99 m *Dýpt:* 1,15 m
*Vél:* Volvo Penta, 196,74 kW, 2001.
*Fjöldi skipverja:* 1



Þröstur © Díana Sveinbjörns

***Gögn:***
*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 14. apríl 2018 var Þröstur BA 48 á siglingu út Paterksfjörð á leið á miðin. Veður: ASA 3 m/sek.

Þegar báturinn var staddur 5,5 sml vestur af Blakknesi *(65°38,48´N-024°33,47´V)* kom mikið högg á hann. Enginn leki kom að bátnum.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjóri bátsins tilkynnti atvikið til Vaktstöðvar siglinga og taldi sig hafa siglt á rekald. Útbúin var og send út siglingarviðvörun *(nr. 14/2018)* vegna þessa;
- að við skoðun, þegar báturinn var tekinn upp, kom í ljós að tóg hafði farið í skrúfuna;
- að engar skemmdir voru á bol bátsins.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.